

# Leikskólar í Reykjanesbæ

Samantekt og upplýsingar úr  
nokkrum leikskólum:

**Hvernig gengur móttaka barna  
hælisleitenda og hver er staðan?**

# Tölulegar upplýsingar

- Hælisleitendur í Reykjanesbæ
  - 2016: 87 þar af 32 börn
  - 2015: 79 þar af 27 börn
  - 2014: 107 þar af 21 barn
  - 2013: 171 þar af 34 börn
    - Börn= 0-18 ára

## Í lok árs 2016

- Voru 7 börn í leikskólum í Reykjanesbæ
- Eftir heilbrigðisskoðanir og bólusetningar er möguleiki á leikskólaplássi
- Leikskóladvöl er almennt 5 tímar á dag

# Framkvæmd upplýsingaöflunar

- Spurningar sendar til leikskólastjóra 8 leikskóla í Reykjanesbæ.
  - Hvernig þarf umgjörðin að vera í leikskólanum þegar tekið er á móti barni?
  - Hvernig gengur það hjá ykkur?
  - Hver er staðan í dag?
  - Hverjir eru ykkar styrkleikar, veikleikar, hverjar eru ógnirnar og hvar liggja tækifærin?

Einnig var leikskólastjórum boðið að koma öðrum upplýsingum á framfæri sem þeir töldu að skiptu máli fyrir þessa umræðu.

# Hvernig þarf umgjörð leikskólans að vera þegar tekið er á móti barni ?

- Umgjörðin þarf að vera þannig að foreldrar upplifi öryggi í leikskólanum.
- Jákvæðni þarf að ríkja hjá starfsmönnum og áhugi á að kenna/fræða barnið.
- Umgjörðin þarf að vera skýr, góðar kynningar /upplýsingafundir í upphafi áður en barnið kemur í leikskólann.

# Hvernig þarf umgjörð leikskólans að vera þegar tekið er á móti barni ?

- Mikilvægt að hafa túlk í upphafi.
- Hafa aðlögunarferlið hægt, stundum er nóg að barn sé í 1-2 klst. fyrst um sinn og auka smátt og smátt.
- Ef vel ætti að vera þá þyrfti barnið að hafa stuðning til að byrja með.
- Gott er að vita hvaðan fjölskyldur koma, hvaða tungumál þau tala, hver er þroskastaða barnsins, hverjar eru heimilisaðstæðurnar, hvort foreldrar hafi einhverja þekkingu á menningu landsins og siðum (uppeldisaðferðum), hafa foreldrar farið á námskeið o.s. frv.

# Hvernig gengur og hver er staðan í dag?

- Leikskólastjórar eru nokkrir sammála um að þeir fái ekki nægilegar upplýsingar í upphafi. Það vanti góða fundi.
- Foreldrar eiga stundum erfitt með að skilja barnið eftir og að treysta kennurum fyrir barninu, getur tekið tíma að vinna traust.
- Stjórnendur hafa þurft að veita barni stuðning án þess að fá aukið stöðugildi inn í skólann.

# Börn og foreldrar

- Þurfa að upplifa öryggi í leikskólanum.
- Gott að gefa börnum og foreldrum nægan tíma til að aðlagast leikskólanum.
- Menningarmunurinn er oft mikill og tekur tíma fyrir summa foreldra að læra á venjur leikskólans á Íslandi.
- Þurfum oft að kenna foreldrum að vera leikskólaforeldrar á Íslandi, hvað felst í því.



# Kennarar og skólinn

- Gott skipulag deildar er lykilatriði.
- Stöðugleiki í starfsmannahópnum.
- Mikilvægt að kennarar beri sömu virðingu fyrir þessum hópi foreldra og öðrum, geri sömu kröfur.
- Jákvæðni þarf að ríkja hjá starfsmönnum og áhugi á að kenna/fræða barnið.
- Það eru fordómar í samfélaginu og líka frá kennurum.
- Umræðan í samfélaginu oft neikvæð.
- Við eigum að taka á móti öllum börnum óháð uppruna.
- Sumir foreldrar eru krefjandi í samskiptum og eru með aðra sýn á leikskóla og þá þjónustu sem þeir veita en við eigum að venjast. Þarna getur reynt verulega á í samskiptum.

# Styrkleikar



# veikleikar

## Styrkleikar

- Við hittum viðkomandi foreldra reglulega.
- Stöðugleiki í starfsmannahaldi er mikill kostur.
- Leikskólakennarar eru vanir því að taka á móti erlendum börnum og foreldrum og fjölbreyttum áskorunum sem þeim fylgja.
- Áhersla á að barni líði vel og njóti sín í leik.


## Veikleikar

- Tungumálaörðuleikar og misskilningur.
- Sum börn eiga ekkert móðurmál og þurfa mikinn stuðning svo þau geti tjáð sig.
- Við gætum gefið okkur meiri tíma til að kynnast menningu hælisleitenda, ekki bara að þau læri um okkar hefðir og menningu.

# Ógnir og tækifæri

## Ógnir

- Tungumálið
- Félagsþroski
- Einangrun
- Fordómar
- Skortur á stöðugildum og fjármagni



Ógnir og tækifæri  
skarast. Þar sem við  
sjáum ógnir í dag gætum  
við séð tækifærin á  
morgun.

## Tækifæri

- Það þarf betra stöðnet fyrir hælisleitendur og aukið upplýsingastreymi.
- Hafa fastan tengilið og reglulega fundi.
- Kennarar þurfa einhver tæki til að vinna með, t.d. gátlista um siði og venjur, trú, mataræði og uppeldi.
- Sérkennsla- íslenskukennsla / aukinn stuðning.
- Það er gott að fá námskeið um stöðu fjölskyldna, reynslu annarra, hvað virkar og hvað virkar ekki.
- Stefnumótun er nauðsynleg í skólakerfinu til að vinna sem best með börnin og fjölskyldur þeirra.
- Gefa okkur tíma til að kynnast menningu hælisleitenda eins og þau kynnast okkar.

# Óskir og vangaveltur stjórnenda

- Góðir fundir í upphafi (kennarar, stjórnendur, tengiliður frá t.d. velferðarsviði, túlkur, foreldrar)
- Veita börnum tækifæri á stuðningi í upphafi leikskólagöngunnar
- Vera meðvituð um að byggja upp traust á milli skóla og fjölskyldu
- Mikilvægt er að koma upp myndrænu dagskipulagi til að auðvelda bæði foreldrum og börnum að komast inn í daglega rútinu (tákn með tali)
- Útbúa handbók fyrir hvert skólastig
- ... Og mikilvægast af öllu er að horfa á þetta allt út frá velferð barnsins...